


JÓLAGLEÐI 2 — Barnajólavettlingar eftir Ágústu Þóru Jónsdóttur



Garn	Kambgarn
prjónar	Prjónar nr 2 fyrir stroff og 2,5 fyrir vettling
Stærð	2-3 ára, eða á léttlopa þá eru þessir vettlingar stærri á prjóna nr. 3,5- 4
litur 1	Rauður
litur 2	Hvítur
Lykkjur teknar frá fyrir þumal	6 lykkjur
lykkjufjöldi í stroffi	40 lykkjur
Lykkjufjöldi í vettling	42 lykkjur

Uppskrift

Fitjið upp 40 lykkjur á prjóna númer 2,0 , prjónið stroff, tvær lykkjur slétt, tvær brugðið með sitt hvorum litnum . Skiptið yfir á prjóna númer 2,5 , aukið út 4 lykkjur, 1 lykkja á hvern prjón og prjónið samkvæmt mynd. Þumall er merktur inn í myndina hann er 6 lykkjur.

Þumall

Prjónið fyrstu þrjár lykkjur þriðja prjóns. Síðan eru 6 lykkjur prjónaðar á aukaband (helst í ólíkum lit). Færið lykkjurnar úr aukabandinu til baka yfir á vinstri prjón og prjónið þær aftur með bandinu úr vettlingnum. Þegar búið er að prjóna allan vettlinginn eru lykkjurnar í þumlinum raktar upp, og settar á 4 prjóna. Takið upp 2-3 lykkjur í hvori hlið til viðbótar svo göt myndist ekki við þumalinn. Gott er að miða við að hafa 4-5 lykkjur á hverjum prjóni. Hægt er að prjóna aukalykkjurnar saman ef þær verða of margar eða laga göt þegar verið er að ganga frá endum úr vettlingnum. Prjónið þumal samkvæmt munstri.

Úrtaka

Úrtakan er 3,2,1 og er framkvæmd á eftirfarandi hátt: Fyrsti prjónn: Prjónið fyrstu lykkju, takið aðra lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, prjónið þriðju lykkju og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir hana, prjónið síðan út prjóninn. Annar prjónn: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum, prjónið þá tvær lykkjur saman, að lokum síðustu lykkjuna. Þriðji prjónn: eins og fyrsti prjónn Fjórði prjónn: eins og annar prjónn. Prjónið nú þrjár umferðir og takið svo úr í fjórðu umferð á sama hátt og í fyrstu umferð. Prjónið aftur tvær umferðir og takið úr í þriðju umferð. Prjónið eina umferð til viðbótar og takið svo úr í hverri umferð þar til 2-3 lykkjur eru eftir á hverjum prjóni. Slítið bandið frá og dragið endann í gegnum lykkjurnar sem eftir eru.

Úrtaka í þumli

Fyrsti prjónn: Prjónið fyrstu lykkjuna, takið aðra lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, prjónið þriðju lykkju og steypið óprjónuðu lykkjunni yfir hana, prjónið síðan út prjóninn. Annar prjónn: Prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum, prjónið þá tvær lykkjur saman, og klárið prjóninn. Þriðji prjónn: eins og fyrsti. Fjórði prjónn: eins og annar prjónn. Prjónið eina umferð án úrtöku, úrtakan er endurtekin í hverri umferð þangað til 2-3 lykkjur eru eftir á hverjum prjóni, slítið þá endann frá og dragið í gegnum lykkjurnar sem eru eftir.

Hægri vettlingur er lesinn frá hægri til vinstri, vinstri vettlingur er lesinn í hina áttina, frá vinstri til hægri